

Hampiðjan hf.

Árshlutareikningur samstæðu 30. júní 2005

Árshlutareikningur 30. júní 2005

Efnisyfirlit:	Bls.
Áritun stjórnenda.....	1
Áritun endurskoðenda.....	2
Rekstrarreikningur.....	3
Efnahagsreikningur.....	4
Yfirlit yfir breytingar á eigin fé.....	5
Sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7 - 22

Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Flatahrauni 3
Hafnarfirði

Áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2005 er samstæðureikningur Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga. Reikningsskil samstæðunnar eru í fyrsta sinn framsett í evrum á árinu 2005.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en undanfarin ár hafa árshlutareikningar samstæðunnar verið gerðir í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur. Heildaráhrif upptöku alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á eigið fé samstæðunnar í ársbyrjun 2005 er að bókfært eigið fé hækkar um 57 þúsund evrur. Nánar er gerð grein fyrir þessum breytingum í skýringum í árshlutareikningnum.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður félagsins á tímabilinu 2.186 þúsund evrur og eigið fé í lok þess 34.200 þúsund evrur en af þeirri upphæð eru 5.916 þúsund evrur hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um rekstur félagsins á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. staðfesta hér með árshlutareikninginn fyrir tímabilið janúar til júní 2005 með undirritun sinni.

Hafnarfirði, 30. ágúst 2005

Stjórn:

Bragi Hannesson

Árni Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Sigurgeir Guðmannsson

Sigurður Egill Guttormsson

Forstjóri:

Jón Guðmann Pétursson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Hampiðjunnar hf.

Við höfum kannað árshlutareikning þennan fyrir samstæðu Hampiðjunnar hf. sem nær yfir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2005. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 19. Árshlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því að veita umsögn um árshlutareikninginn á grundvelli könnunarinnar.

Könnun okkar var gerð í samræmi við leiðbeinandi reglur Félags löggiltra endurskoðenda. Slík könnun takmarkast við fyrirspurnir til starfsmanna og greiningar á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun, sem hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilunum í heild. Þar af leiðandi látum við slíkt álit ekki í ljós.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem benti til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2005 og breytingu á handbæru fé í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal númer 34.

Hafnarfirði, 30. ágúst 2005

PricewaterhouseCoopers hf.

Ómar H. Björnsson

Þórir Ólafsson

Rekstrarreikningur samstæðu

	Skýringar	1.1. - 30.6 2005	1.1. - 30.6 2004
Sala		26.937	26.035
Framleiðslukostnaður		<u>(18.678)</u>	<u>(18.800)</u>
Framlegð		8.259	7.235
Sölu- og markaðskostnaður		(3.120)	(2.800)
Stjórnunarkostnaður		<u>(2.929)</u>	<u>(2.633)</u>
Rekstrarhagnaður		2.210	1.802
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7	31	(584)
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага	11	<u>390</u>	<u>74</u>
Hagnaður fyrir skatta		2.631	1.292
Tekjuskattur	8	<u>(445)</u>	<u>189</u>
Hagnaður tímabilsins		<u><u>2.186</u></u>	<u><u>1.481</u></u>
Skipting hagnaðar			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		1.980	1.097
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga		<u>206</u>	<u>384</u>
		<u><u>2.186</u></u>	<u><u>1.481</u></u>
Hagnaður á hlut (í evrum)		0,39	0,27

Skýringar á bls. 7-22 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir	Skýringar	30/6 2005	31/12 2004
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	22.791	22.702
Óefnislegar eignir	10	5.713	5.563
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	11	11.590	9.860
Eignarhlutir í öðrum félögum		0	1.712
Fjáreignir sem haldið er til sölu	12	1.438	0
Skuldabréf og langtímakröfur		2.040	2.121
Tekjuskattsinneign	8	504	247
		<u>44.076</u>	<u>42.205</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	13	19.192	18.156
Viðskiptakröfur	14	10.962	10.374
Aðrar skammtímakröfur		245	4.769
Handbært fé	15	2.459	1.124
		<u>32.858</u>	<u>34.423</u>
Eignir samtals		<u><u>76.934</u></u>	<u><u>76.628</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.568	5.568
Yfirverðsreikningur hlutafjár		696	696
Aðrir varasjóðir		242	150
Óráðstafað eigið fé		21.778	19.885
		<u>28.284</u>	<u>26.299</u>
Hlutdeild minnihluta		5.916	5.691
Eigið fé samtals		<u>34.200</u>	<u>31.990</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	16	19.352	24.239
Tekjuskattsskuldbinding	8	3.085	2.690
		<u>22.437</u>	<u>26.929</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		8.869	9.085
Skuldir við lánastofnanir	16	11.428	8.624
		<u>20.297</u>	<u>17.709</u>
Skuldir samtals		42.734	44.638
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>76.934</u></u>	<u><u>76.628</u></u>

Skýringar á bls. 7-22 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

	Hlutafé	Yfir verðs- reikn	Aðrir vara- sjóðir	Óráðst. eigið fé	Hlud. minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2004	5.568	696	1.063	15.215	5.235	27.777
Þýðingarmunur			(226)	(203)	(33)	(462)
Áhrif hlutdeildarféлага				(13)		(13)
Hagnaður tímabilsins 1/1-30/6 2004				1.097	384	1.481
Staða 30. júní 2004 / 1. júlí 2004	5.568	696	837	16.096	5.586	28.783
Arður til hluthafa				(577)		(577)
Þýðingarmunur			(687)	2.000	(7)	1.306
Áhrif hlutdeildarféлага				37		37
Hagnaður tímabilsins 1/7 - 31/12 2004				2.329	112	2.441
Staða 31. desember 2004	5.568	696	150	19.885	5.691	31.990
Staða 1. janúar 2005	5.568	696	150	19.885	5.691	31.990
Arður til hluthafa				(748)		(748)
Þýðingarmunur			92		19	111
Áhrif hlutdeildarféлага				661		661
Hagnaður tímabilsins 1/1-30/6 2005				1.980	206	2.186
Staða 30. júní 2005	5.568	696	242	21.778	5.916	34.200

Skýringar á bls. 7-22 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Sjóðstreymi samstæðu

	Skýringar	1.1. - 30.6 2005	1.1. - 30.6 2004
Rekstrarhreyfingar			
Handbært fé frá rekstri	17	1.631	845
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna		3.525	(755)
Kaup óefnislegra eigna		0	(1.694)
Kaup og sala eignarhluta í öðrum félögum		(463)	(834)
Skuldabréf og langtímakröfur, breyting		356	64
		<u>3.418</u>	<u>(3.219)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		282	876
Langtímalán, breyting		(3.248)	(1.222)
Arður greiddur til hluthafa		(748)	(566)
		<u>(3.714)</u>	<u>(912)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
		1.335	(3.286)
Handbært fé í byrjun árs.....	15	1.124	4.824
Handbært fé í lok tímabilsins	15	<u><u>2.459</u></u>	<u><u>1.538</u></u>

Skýringar á bls. 7-22 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga er framleiðsla og sala á fullbúnum veiðarfærum og íhlutum þeirra.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Flatahrauni 3 í Hafnarfirði.

Félagið er skráð á aðallista í Kauphöll Íslands.

Stjórn félagsins samþykkti þessi árs hlutareikningsskil 30. ágúst 2005.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdu hátt á bæði tímabilin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram. Sú breyting á framsetningu reikningsskilanna var gerð að frá og með 1. janúar 2005 eru reikningsskilin framsett í evrum. Samanburðartölur við 2004 eru íslenskar krónur umreiknaðar í evrum.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Þessi reikningsskil samstæðunnar taka til tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2005. Árs hlutareikningurinn er í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal nr. 34 um árs hlutareikningsskil (IAS 34) og alþjóðlegan reikningsskilastaðal nr. 1 (IFRS 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla) þar sem hann er hluti af fyrstu reikningsskilum sem samstæðan gerir til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS, International Financial Reporting Standards). Árs hlutareikningurinn er í samræmi við þá alþjóðlegu reikningsskilastaðla sem eru í gildi í ágúst 2005. Ekki liggur fyrir hver áhrif þeirra reikningsskilastaðla, sem munu e.t.v. verða samþykktir af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu (IASB) fyrir árslok 2005, munu verða á ársreikning 2005.

Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið fylgt fyrir þau tímabil sem birt eru í árs hlutareikningnum nema annað komi fram.

Árs hlutareikningur samstæðunnar var gerður til samræmis við viðurkenndar reikningsskilareglur á Íslandi þangað til í árslok 2004. Þær reikningsskilareglur eru í einhverjum tilvikum frábrugðnar IFRS. Við gerð þessa árs hlutareiknings vegna tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2005 þurfti því að breyta ákveðnum reikningsskilaaðferðum til samræmis við IFRS. Samanburðarfjárhæðir frá árinu 2004 hafa verið aðlagðar að þeim breytingum, þar sem það átti við.

Afstemmingar og skýringar á áhrifum af innleiðingu IFRS á eigið fé, efnahagsreikning og afkomu eru sýndar í skýringu nr. 5.

Árs hlutareikningurinn var gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð, eins og henni hefur verið breytt með endurmati fasteigna, fjáreigna sem haldið er til sölu og fjáreigna (þ.m.t. afleiðugerninga) á gangvirði sem fært er í rekstrarreikning.

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal nr. 34 krefst þess að notuð séu tiltekin reikningshaldsleg mót. Einnig er gerð sú krafa til stjórnenda að þeir leggi mat á ákveðin atriði í reikningsskilaaðferðum félagsins. Sérstaklega er greint frá aðferðum við mikilvægar matsaðferðir í skýringu nr. 4.

Skýringar

2.2 Samstæðureikningsskil

a) Dótturfélög

Dótturfélög eru allar rekstrareiningar þar sem samstæðan hefur vald til að stýra fjárhagslega og móta rekstrarstefnu fyrir en það fylgir að öllu jöfnu hlutafjäreign sem ræður meiru en helmingi atkvæðaréttarins. Tekið er tillit til tilvistar og áhrifa mögulegs atkvæðaréttar sem unnt er að nýta eða breyta á tímabilinu við mat á því hvort samstæðan hefur yfirráð yfir annarri rekstrareiningu. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yfirráð eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfirráðum lýkur.

Kaupaðferð er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar yfirteknar eignir og skuldir og óbókfærðar skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hlutar samstæðunnar í yfirteknur aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna hins keypta félags, er mismunurinn færður beint í rekstrareikning (sjá skýr. 2.6).

Viðskipti milli félaga, innbyrðis stöður og óinnleystur hagnaður af viðskiptum milli félaga innan samstæðunnar eru felld niður. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þar sem þörf krefur til að tryggja samkvæmni við þær aðferðir sem samstæðan beitir.

2.3 Starfspáttaskýrslur

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem fæst við að útvega tiltekna vöru eða þjónustu sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tengist öðrum rekstrarstarfspáttum samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina sem einn starfspátt.

2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfrækslugjaldmiðill og reikningsskilagjaldmiðill

Liðir sem taldir eru með í reikningsskilum sérhverrar rekstrareiningar samstæðunnar eru metnir í gjaldmiðlum þess efnahagslega umhverfis þar sem rekstrareiningin starfar. Samstæðureikningsskilin eru sett fram í þúsundum evra, sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadeginum. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi á gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok tímabilsins, eru færð í rekstrarreikning.

(c) Félög samstæðunnar

Eignir og skuldir eru í sérhverjum reikningsskilum samstæðunnar umreiknaðar á lokagengi og tekjur og gjöld eru umreiknuð á meðal gengi.

2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Til fasteigna teljast fyrst og fremst verksmiðjur, iðnaðarhúsnæði og skrifstofur. Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Allar aðrar viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Skýringar

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðaðverði þeirra og áætluðu hrakvirði sé dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

Vélar og önnur framleiðslutæki	12-15 ár
Bírfreiðar	5-9 ár
Fasteignir	25-50 ár
Skrifstofubúnaður og áhöld	3-5 ár
Hugbúnaður	5-10 ár

Hrakvirði eigna og nýtingartími eru endurmetin á sérhverjum reikningsskiladegi og leiðrétt, ef við á.

Bókfært verð eignar er ávallt fært niður í endurheimtanlega fjárhæð ef bókfært verð er hærra en áætluð endurheimtanleg fjárhæð.

Söluhagnaður og tap reiknast sem mismunur söluverðs að frádregnum kostnaði við söluna og bókfærðs verðs seldra eigna á söluþegi. Þessar fjárhæðir eru færðar í rekstrarreikningi. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru fjárhæðir sem eru innifaldar í öðrum varasjóðum og þeim tengjast, færðar yfir á óráðstafað eigið fé.

2.6 Óefnislegar eignir

(a) Viðskiptavild

Viðskiptavild sýnir þann hluta kaupverðs sem er umfram gangvirði hlutar samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtekna dótturfélagsins á yfirtökudegi. Viðskiptavild er prófuð árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Hún er færð á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

(b) Einkaleyfi

Einkaleyfi er tilkomið vegna kaupa á útgefnum einkaleyfum og umsóknum á öðrum er lúta að nýtingu þanorku í veiðarfærum þegar þau eru dregin í sjó. Einkaleyfin eru prófuð árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Einkaleyfi er fært á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

(c) Tölvuhugbúnaður

Tölvuhugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til til að kaupa og koma í notkun þessum tiltekna hugbúnaði. Þessi kostnaður er afskrifaður á áætluðum nýtingartíma þeirra (fimm til tíu ár)

2.7 Eignarhlutur í öðrum félögum

Eignarhlutir í félögum sem ætlað er að selja á næstu 12 mánuðum eru metnir á markaðsverði miðað við skráð gengi í lok tímabilsins. Gengisbreyting er færð til tekna eða gjalda á meðal fjármunatekna. Önnur félög eru eignfærð á kaupverði að frádreginni niðurfærslu.

2.8 Birgðir

Hráefni eru metin á innkaupsverði. Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstandur af beinum launa- og efniskostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna. Kostnaðarverð er ákvarðað með því að nota "fyrst inn-, fyrst út" aðferðina (FIFO-aðferðina). Birgðir samanstanda af netum, köðlum, járnvörum, veiðarfærum, vörum í vinnslu og hráefnum til neta, kaðla og hlerafframleiðslu.

2.9 Verk í vinnslu

Umsamin verk í vinnslu eru metin miðað við söluverð að teknu tilliti til framgangs þeirra. Ef ljóst er að tap verður á verkinu þá er það innleyst strax.

Skýringar

2.10 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

2.11 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé innfelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum.

2.12 Eigið fé - hlutafé

Hlutafé er fært á nafnverði og yfirverð er sýnt sérstaklega. Hlutafé í efnahagsreikningi samsvarar heildarhlutafé að frádregnu nafnverði eign bréfa.

2.13 Lántaka

Lántaka er færð á gangvirði. Vextir og verðbætur eru færðar í rekstrarreikning. Lántökukostnaður er gjaldfærður á lántökudegi.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu reikningsskila.

2.14 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur er færður að fullu til skuldar af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningskilunum. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innlest eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaður tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna sem stafa af fjárfestingum í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er færður nema þegar samstæðan stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og líklegt er að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á mótí skattalegum framtíðarhagnaði.

2.15 Innlausn tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádregnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan samstæðunnar hefur verið felld niður.

(a) Sala á vöru og þjónustu

Sala á vöru er færð á því reikningsskilatímabili sem varan er afhent og sala á þjónustu er færð á því reikningstímabili sem þjónustan er innt af hendi með áfangaaðferð.

(b) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á mótí greiðslu er fastsettur.

2.16 Leigusamningar

Leigusamningar þar sem leigusali heldur verulegum hluta áhættu og umbunar vegna eignarhalds eru flokkaðir sem rekstrarleiga. Greiðslur sem inntar eru af hendi samkvæmt rekstrarleigu eru gjaldfærðar í rekstrarreikning línulega á leigutímanum.

Skýringar

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Samstæðan starfar í umhverfi með ýmis konar fjárhagsáhættu, þar með talið gjaldmiðlaáhættu, greiðsluhæfisáhættu og vaxtaáhættu. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt að draga sem mest úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar.

4. Mikilvægt reikningshaldslegt mat

Sífelld er verið að meta liði og byggjast mötin á skoðunum, reynslu fortíðar og öðrum þáttum, þ.m.t. væntingum um atburði í framtíðinni sem álitid er að séu skynsamlegar miðað við aðstæður.

4.1 Mikilvægt reikningshaldslegt mat og forsendur

Samstæðan vinnur mat og gengur út frá forsendum varðandi framtíðina. Það reikningshaldslega mat sem af þeim leiðir mun samkvæmt skilgreiningu sjaldan vera jafngilt tengdum raunárangri. Fjallað er um það mat og þær forsendur hér á eftir sem fylgir umtalsverð hættu á að muni valda efnislegri leiðréttingu á bókfærðum fjárhæðum eigna og skulda innan næsta fjárhagsárs.

(a) Áætlun virðisrýrnun viðskiptavildar og einkaleyfa

Samstæðan prófar árlega hvort viðskiptavild og einkaleyfi hafi orðið fyrir virðisrýrnun í samræmi við reikningsskilaaðferðina sem tilgreind er í skýringu 2.6.

5. Yfirlýsing í alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS)

5.1 Grundvöllur yfirlýsingar

5.1.1 Beiting IFRS 1

Samstæðuársreikningur 2005 verða fyrstu reikningsskil samstæðunnar sem gerð eru til samræmis við IFRS. Þessi árshlutareikningsskil eru gerð til samræmis við aðferðir sem lýst er í kafla 2.1. hér að framan. Samstæðan beitti IFRS 1 við gerð þessara árshlutareikningsskila.

Yfirlýsingudagur Hampiðjunnar hf. er 1. janúar 2004. Samstæðan gerði opnunarefnahagsreikning sinn miðað við þann dag. Reikningsskil þessi miðast við 30. júní 2005. Upptökudagur IFRS er 1. janúar 2005.

Við gerð þessara samstæðureikningsskila til samræmis við IFRS 1 ber samstæðunni að meta allar eignir og skuldir afturvirktil til samræmis við IFRS.

Skýringar

5.1.2 Undanþágur sem ber að fylgja.

(a) Reikningshaldslegt mat

Reikningshaldslegt mat samkvæmt IFRS miðað við 1. janúar 2004 skal vera til samræmis við það mat sem átti sér stað samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum nema vísbendingar séu um að það mat hafi verið rangt miðað við þær upplýsingar sem til staðar voru þá.

5.2 Afstemmingar milli IFRS og fyrri reikningsskilaaðferða.

Afstemming eign fjár	1/1 2004	30/6 2004	31/12 2004
Eigið fé (áður birt)	28.030	28.741	31.933
Breyting v. virðisrýmunar og afskrifta	(182)	(37)	123
Breyting v. hlutdeildarfélaganna	305	494	739
Breyting á birgðamati	(704)	(710)	(732)
Breyting á frestuðum tekjuskatti	328	295	(73)
Eigið fé samkvæmt nýjum stöðlum (IFRS)	27.777	28.783	31.990

5.2.1 Skýringar á áhrifum innleiðingar IFRS

Heildaráhrif breytinganna eru þau að eigið fé hækkar um 57 þúsund evrur.

5.2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir

Líftími og hrakvirði varanlegra rekstrarfjármuna var endurmetið. Áður færðar afskriftir voru bakfærðar og afskriftir reiknaðar upp á nýtt þar sem hrakvirði rekstrarfjármuna var dregið frá bókfærðu verði og línulegar afskriftir reiknaðar m.t.t. líftíma.

5.2.3 Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

Við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla hækkar eignarhlutur í hlutdeildarfélaginu HB Granda hf. um 739 þúsund evrur á árinu 2004. Megin ástæða þessara hækkunar er matsbreyting á óefnislegum eignum í eigu hlutdeildarfélagsins HB Granda hf.

5.2.4 Birgðir

Samkvæmt IAS 2 er matsaðferð birgða breytt. Sökum þessa lækkar bókfært verð afurða og hráefna um 732 þúsund evrur á árinu 2004.

5.2.5 Tekjuskattur

Tekjuskattsskuldbinding vegna eignarhluta í dótturfélögum var færð út í ársbyrjun 2004. Frestuðum tekjuskatti er nú skipt á milli inneignar og skuldar í efnahagsreikningi.

Skýringar

5.2.6 Afstemming efnahagsreiknings 1. janúar 2004 / Opnunarefnahagsreikningur

Efnahagsreikningur 1. janúar 2004

Eignir	Áður birt *	Breytingar vegna IFRS	IFRS
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	28.757	(307)	28.450
Öefnislegar eignir	2.418	125	2.543
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	7.183	305	7.488
Eignarhlutir í öðrum félagum	1.796		1.796
Skuldabréf og langtímakröfur	1.896		1.896
Tekjuskattsineign	0	247	247
	42.050	370	42.420
Veltufjármunir			
Birgðir	16.560	(704)	15.856
Viðskiptakröfur	10.281		10.281
Aðrar skammtímakröfur	450		450
Handbært fé	4.824		4.824
	32.115	(704)	31.411
Eignir samtals	74.165	(334)	73.831
Eigið fé			
Hlutfé	5.568		5.568
Yfirverðsreikningur hlutfjár	696		696
Aðrir varasjóðir	834	229	1.063
Óráðstafað eigið fé	15.624	(409)	15.215
	22.722	(180)	22.542
Hlutdeild minnihluta	5.308	(73)	5.235
Eigið fé samtals	28.030	(253)	27.777
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	24.673		24.673
Tekjuskattsskuldbinding	2.303	(81)	2.222
	26.976	(81)	26.895
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	8.341		8.341
Lántökur	10.818		10.818
	19.159		19.159
Heildarskuldir	46.135	(81)	46.054
Eigið fé og skuldir samtals	74.165	(334)	73.831

* íslenskar krónur umreiknaðar í evrur

Skýringar

5.2.7 Afstemming efnahagsreiknings 30. júní 2004

Efnahagsreikningur 30. júní 2004

Eignir	Áður birt *	Breytingar vegna IFRS	IFRS
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	28.602	(421)	28.181
Óefnislegar eignir	5.063	384	5.447
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	7.809	494	8.303
Eignarhlutir í öðrum félagum	1.832		1.832
Skuldabréf og langtímakröfur	1.898		1.898
Tekjuskattsinnæign	0	247	247
	<u>45.204</u>	<u>704</u>	<u>45.908</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	16.788	(710)	16.078
Viðskiptakröfur	11.676		11.676
Aðrar skammtímakröfur	622		622
Handbært fé	1.538		1.538
	<u>30.624</u>	<u>(710)</u>	<u>29.914</u>
Eignir samtals	<u>75.828</u>	<u>(6)</u>	<u>75.822</u>
Eigið fé			
Hlutfé	5.568		5.568
Yfirverðsreikningur hlutfjár	696		696
Aðrir varasjóðir	834	3	837
Óráðstafað eigið fé	16.019	77	16.096
	<u>23.117</u>	<u>80</u>	<u>23.197</u>
Hlutdeild minnihluta	5.624	(38)	5.586
Eigið fé samtals	<u>28.741</u>	<u>42</u>	<u>28.783</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	24.069		24.069
Tekjuskattsskuldbinding	2.020	(48)	1.972
	<u>26.089</u>	<u>(48)</u>	<u>26.041</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	9.656		9.656
Lántökur	11.342		11.342
	<u>20.998</u>		<u>20.998</u>
Heildarskuldir	<u>47.087</u>	<u>(48)</u>	<u>47.039</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>75.828</u>	<u>(6)</u>	<u>75.822</u>

* íslenskar krónur umreiknaðar í evrur

Skýringar

5.2.8 Afstemming efnahagsreiknings 31. desember 2004

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eignir	Áður birt *	Breytingar vegna IFRS	IFRS
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	23.184	(482)	22.702
Óefnislegar eignir	4.958	605	5.563
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	9.121	739	9.860
Eignarhlutir í öðrum félagum	1.712		1.712
Skuldabréf og langtímakröfur	2.121		2.121
Tekjuskattsinnæign	0	247	247
	<u>41.096</u>	<u>1.109</u>	<u>42.205</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	18.888	(732)	18.156
Viðskiptakröfur	10.374		10.374
Aðrar skammtímakröfur	4.769		4.769
Handbært fé	1.124		1.124
	<u>35.155</u>	<u>(732)</u>	<u>34.423</u>
Eignir samtals	<u>76.251</u>	<u>377</u>	<u>76.628</u>
Eigið fé			
Hlutfé	5.568		5.568
Yfirverðsreikningur hlutfjár	696		696
Aðrir varasjóðir	(79)	229	150
Óráðstafað eigið fé	20.053	(168)	19.885
	<u>26.238</u>	<u>61</u>	<u>26.299</u>
Hlutdeild minnihluta	5.695	(4)	5.691
Eigið fé samtals	<u>31.933</u>	<u>57</u>	<u>31.990</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	24.239		24.239
Tekjuskattsskuldbinding	2.370	320	2.690
	<u>26.609</u>	<u>320</u>	<u>26.929</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	9.085		9.085
Lántökur	8.624		8.624
	<u>17.709</u>	<u>0</u>	<u>17.709</u>
Heildarskuldir	<u>44.318</u>	<u>320</u>	<u>44.638</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>76.251</u>	<u>377</u>	<u>76.628</u>

* íslenskar krónur umreiknaðar í evrur

Skýringar

5.2.9 Afstemming afkomu janúar til júní 2004

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2004	Áður birt *	Breytingar vegna IFRS	IFRS
Sala	26.035		26.035
Framleiðslukostnaður	(18.918)	118	(18.800)
Framlegð	7.117	118	7.235
Sölu- og markaðskostnaður	(2.815)	15	(2.800)
Stjórnunarkostnaður	(2.640)	7	(2.633)
Rekstrarhagnaður	1.662	140	1.802
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(584)		(584)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	(115)	189	74
Hagnaður fyrir skatta	963	329	1.292
Tekjuskattur	222	(33)	189
Hagnaður tímabilsins	1.185	296	1.481
Skipting hagnaðar			
Hluti hluthafa móðurfélagsins	836	261	1.097
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga	349	35	384
	1.185	296	1.481

5.2.10 Afstemming á afkomu ársins 2004

Rekstrarreikningur 1. janúar til 31. desember 2004	Áður birt *	Breytingar vegna IFRS	IFRS
Sala	49.628		49.628
Framleiðslukostnaður	(36.214)	232	(35.982)
Framlegð	13.414	232	13.646
Aðrar tekjur (-gjöld)	1.074		1.074
Sölu- og markaðskostnaður	(6.060)	31	(6.029)
Stjórnunarkostnaður	(4.950)	14	(4.936)
Rekstrarhagnaður	3.478	277	3.755
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(230)		(230)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	665	434	1.099
Hagnaður fyrir skatta	3.913	711	4.624
Tekjuskattur	(302)	(400)	(702)
Hagnaður tímabilsins	3.611	311	3.922
Skipting hagnaðar			
Hluti hluthafa móðurfélagsins	3.185	241	3.426
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga	426	70	496
	3.611	311	3.922

* íslenskar krónur umreiknaðar í evrur

Skýringar

6. Laun og launatengd gjöld

Starfsmannamál	2005	2004
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:		
Laun	6.591	6.300
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	1.343	1.110
Samtals	<u>7.934</u>	<u>7.409</u>
 Fjöldi starfsmanna á tímabilinu	566	525

Gerðir hafa verið samningar við nokkra lykilstjórnendur félagsins um bónusgreiðslur sem taka mið af gengi hlutabréfa Hampiðjunnar á hlutabréfamarkaði. Bónusarnir geta numið allt að 7% af verðmætaaukningu félagsins og kæmu til greiðslu á árunum 2006 til 2008.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2005	2004
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Vaxtatekjur	33	66
Vaxtagjöld	(644)	(753)
Gengismunur	481	96
Söluhagnaður v. hlutabréfaeignar og fenginn arður	161	7
	<u>31</u>	<u>(584)</u>

8. Tekjuskattur

Breyting á frestuðum tekjuskatti á tímabilinu greinist þannig:

Frestaður tekjuskattur 31/12 2004 (áður birt)	2.370
Breytingar vegna IFRS	<u>73</u>
Tekjuskattskuldbinding í ársbyrjun (IFRS)	2.443
Tekjuskattur á tímabilinu	445
Tekjuskattur til greiðslu 2006 vegna 2005	<u>(307)</u>
Frestaður tekjuskattur í lok tímabilsins	<u>2.581</u>

Frestaður tekjuskattur greinist þannig á eftirfarandi liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir	1.930
Eignarhlutir í félögum	1.058
Aðrir efnahagsliðir	<u>97</u>
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins	3.085
Yfirfæranleg skattalegt tap, eignfærsla	<u>(504)</u>
	<u>2.581</u>

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Miðað við 1. janúar 2004			
Kostnaðarverð	25.394	24.405	49.799
Uppsafnaðar afskriftir	(6.429)	(14.920)	(21.349)
Bókfært verð	18.965	9.485	28.450
Staða 30. júní 2004			
Bókfært verð í byrjun árs	18.965	9.485	28.450
Gengismunir	161	73	233
Viðbætur	354	67	421
Afskriftir	(220)	(704)	(923)
Bókfært verð 30. júní 2004	19.260	8.921	28.181
Miðað við 1. júlí 2004			
Kostnaðarverð	25.690	20.751	46.441
Uppsafnaðar afskriftir	(6.430)	(11.830)	(18.260)
Bókfært verð	19.260	8.921	28.181
Árslok 31. desember 2004			
Bókfært verð í 1. júlí 2004	19.260	8.921	28.181
Gengismunir	547	271	818
Viðbætur	1.500	2.813	4.312
Sala	(7.479)	(2.170)	(9.649)
Afskriftir	(211)	(749)	(960)
Bókfært verð 31. desember 2004	13.616	9.085	22.702
Miðað við 1. janúar 2005			
Kostnaðarverð	16.747	19.286	36.032
Uppsafnaðar afskriftir	(3.130)	(10.200)	(13.331)
Bókfært verð	13.616	9.085	22.702
Staða 30. júní 2005			
Bókfært verð í byrjun árs	13.616	9.085	22.702
Gengismunir	64	84	148
Viðbætur	45	2.116	2.161
Sala	0	(1.484)	(1.484)
Afskriftir	(147)	(589)	(736)
Bókfært verð 30. júní 2005	13.578	9.213	22.791
Miðað við 30. júní 2005			
Kostnaðarverð	16.943	18.265	35.208
Uppsafnaðar afskriftir	(3.365)	(9.052)	(12.416)
Bókfært verð 30. júní 2005	13.578	9.213	22.791

Skýringar

10. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Hug- búnaður	Samtals
Miðað við 1. janúar 2004				
Kostnaðarverð	2.506	0	410	2.915
Uppsafnaðar afskriftir	(270)	0	(103)	(373)
Bókfært verð	<u>2.236</u>	<u>0</u>	<u>307</u>	<u>2.543</u>
Staða 30. júní 2004				
Bókfært verð í byrjun árs	2.236	0	307	2.543
Gengismunir	(3)	24	5	25
Viðbætur	0	2.770	140	2.910
Afskriftir	0	0	(30)	(30)
Bókfært verð 30. júní 2004	<u>2.233</u>	<u>2.793</u>	<u>421</u>	<u>5.447</u>
Miðað við 1. júlí 2004				
Kostnaðarverð	2.502	2.793	556	5.852
Uppsafnaðar afskriftir	(270)	0	(135)	(405)
Bókfært verð	<u>2.233</u>	<u>2.793</u>	<u>421</u>	<u>5.447</u>
Árslok 31. desember 2004				
Bókfært verð í 1. júlí 2004	2.233	2.793	421	5.447
Gengismunir	6	(196)	16	(175)
Viðbætur	80	160	78	318
Afskriftir	0	0	(27)	(27)
Bókfært verð 31. desember 2004	<u>2.318</u>	<u>2.757</u>	<u>488</u>	<u>5.563</u>
Miðað við 1. janúar 2005				
Kostnaðarverð	2.547	2.757	658	5.962
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	0	(170)	(399)
Bókfært verð	<u>2.318</u>	<u>2.757</u>	<u>488</u>	<u>5.563</u>
Staða 30. júní 2005				
Bókfært verð í byrjun árs	2.318	2.757	488	5.563
Gengismunir	0	11	4	14
Viðbætur	0	0	182	182
Afskriftir	0	0	(47)	(47)
Bókfært verð 30. júní 2005	<u>2.318</u>	<u>2.768</u>	<u>627</u>	<u>5.713</u>
Miðað við 30. júní 2005				
Kostnaðarverð	2.547	2.768	845	6.160
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	0	(218)	(447)
Bókfært verð 30. júní 2005	<u>2.318</u>	<u>2.768</u>	<u>627</u>	<u>5.713</u>

Skýringar

11. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi greinist þannig:

	Eignarhluti	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð
HB Grandi hf	9,38%	390	11.590

Áætlað markaðsvirði eignarhluta Hampiðjunnar í HB Granda hf. m.v. síðast skráða viðskiptagengi var í lok tímabilsins 17,3 milljónir evra. Allur eignarhlutur í hlutdeildarfélaginu Vaka - DNG var seldur á tímabilinu, söluverð var 225 þúsund evrur og sölutapið var 18 þúsund evrur.

12. Fjáreignir sem haldið er til sölu

Fjáreignir sem haldið er til sölu greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Síldarvinnslan hf	39	175
Scandsea AB	4	556
Set ehf	10	90
Fiskeldi Eyjafjarðar hf	59	90
Netagerð Aðalsteins ehf	2	72
Net Services Shetland Ltd		412
Önnur félög		42
		<u>1.438</u>

13. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	30/6 2005	31/12 2004
Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir	16.772	15.676
Vörur í vinnslu	432	417
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu	1.988	2.063
	<u>19.192</u>	<u>18.156</u>

14. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 677 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

	30/6 2005	30/6 2004
Niðurfærsla í byrjun árs	604	1.009
Endanlega tapaðar kröfur á tímabilinu	17	(64)
Breyting niðurfærslu á tímabilinu	56	96
	<u>677</u>	<u>1.041</u>

15. Handbært fé

	30/6 2005	31/12 2004
Handbært fé í banka sem reiðufé	937	1.124
Skammtímaverðbréf	1.522	0
	<u>2.459</u>	<u>1.124</u>

Skýringar

16. Lántökur

Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	22.128
Skuldir í íslenskum krónum	2.259
	<u>24.387</u>

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gengistryggingarákvæðum:

ISK	9,3%	2.259
EUR	73,8%	18.009
CAD	0,1%	29
CHF	5,2%	1.260
JPY	3,0%	732
DKK	8,6%	2.098
	<u>100%</u>	<u>24.387</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár:

Tímabilið 1. júlí 2005 - 30. júní 2006	5.035
Tímabilið 1. júlí 2006 - 30. júní 2007	5.199
Tímabilið 1. júlí 2007 - 30. júní 2008	5.023
Tímabilið 1. júlí 2008 - 30. júní 2009	3.277
Síðar	5.853
	<u>24.387</u>

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar meðal langtímaskulda 19.352

Afborganir næstu 12 mánaða, færðar á meðal skammtímaskulda 5.035
Bankalán til skammtíma færðar meðal skammtímaskulda 6.393
11.428

17. Handbært fé frá rekstri

	1.1. - 30.6 2005	1.1. - 30.6 2004
Hagnaður á tímabilinu	2.186	1.481
Leiðréttingar vegna:		
- Skatta	205	(250)
- Afskriftir (efnislegra eigna) (skýr.9)	736	923
- Afskriftir (óefnislegra eigna)(skýr. 10)	47	30
- Áhrifa hlutdeildarfélags	(115)	111
- Hagnaður af sölu eigna	(149)	126
- Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum og kröfum	203	(16)
Veltufé fé frá rekstri	<u>3.113</u>	<u>2.405</u>
Breytingar á hreinu veltufé :		
- Birgðir	(1.038)	439
- Viðskiptakröfur	(18)	(1.729)
- Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	(426)	(270)
Handbært fé frá rekstri	<u>1.631</u>	<u>845</u>

Skýringar

18. Ársfjórðungsýfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	2. ársfj. 2005	1. ársfj. 2005	4. ársfj. 2004	3. ársfj. 2004	2. ársfj. 2004
Rekstrartekjur	12.412	14.525	13.699	10.968	12.005
Rekstrargjöld án afskrifta	(10.988)	(12.956)	(12.797)	(8.933)	(10.713)
Rekstrarhagn. án afskrifta (EBITDA)	1.424	1.569	902	2.035	1.292
Afskriftir	(374)	(409)	(529)	(455)	(458)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	1.050	1.160	373	1.580	834
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(453)	874	1.148	231	(326)
Hagnaður fyrir skatta	597	2.034	1.521	1.811	508
Skattar tímabilsins	(48)	(397)	(632)	(260)	266
Hagnaður tímabilsins	549	1.637	889	1.551	774

19. Yfirlit yfir dótturfélög

	Eignarhluti	Staðsetning
Hampidjan Baltic UAB	100%	Litháen
Hampidjan Danmark A/S	100%	Danmörku
Hampidjan Norge AS	100%	Noregi
Hampidjan Namibia LTD	100%	Namibíu
Hampidjan New Zealand LTD	100%	Nýja Sjálandi
Rope Net and Twine LTD	100%	Kanada
Hampidjan USA Inc	100%	Bandaríkjunum
Candís ehf.	100%	Íslandi
OTTER Ultra Low Drag LTD	100%	Cayman Island
Balmar - Fios, Lda	90%	Portúgal
Tben ehf.	90%	Íslandi
Cosmos Trawl A/S	60%	Danmörku
Swan Net Gundry LTD	50,5%	Írlandi
Fjarðanet hf.	50,4%	Íslandi